

um breyting á framfærslulögum, nr. 80/1947.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Orðin „að frádrægnum 10%“ í 69. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni félagsmálaráðuneytisins. Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur við afgreiðslu þess. Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frv. frá ráðuneytinu:

1. Með breytingu, sem gerð var á fátækralögnum 1932, var ákveðið, að ríkissjóður skyldi jafna framfærslukostnað sveitarfélaga landsins þannig, að færi framfærslukostnaður einhvers sveitarfélags „meira en 15% fram úr meðaltali fátækraútgjalda á öllu landinu“, reiknað samkvæmt nánar tiltekinni reglu, skyldi ríkissjóður endurgreiða sveitarfélaginu $\frac{2}{3}$ hluta af því, sem þar væri fram yfir.

2. Þegar framfærslulögin voru sett um áramótin 1935—1936, var þessari endurgreiðslureglu haldið að öðru en því, að fátækraútgjöldin þyrftu ekki að fara 15% fram úr meðaltalsframfærslu sveitarfélagsins, heldur skyldi nú draga 10% frá meðaltalinu alls staðar annars staðar en í Reykjavík, og skyldu sveitarfélögin fá endurgreidda $\frac{2}{3}$ hluta þess framfærslukostnaðar, sem þá var umfram. Ákvæði þetta var réttlætt með því 1935, að svo „gifurlegur munur“ væri á „skattskyldum tekjum og skuldlausum eignum í Reykjavík annars vegar og öllum sveitarfélögum á landinu hins vegar“ (Alþt. A. 1935, bls. 734), að ekki væri rétt að hafa Reykjavík í sama flokki og hina kaupstaðina og kauptúnin.

3. Í árslokinn 1939 fór enn fram endurskoðun á framfærslulögnum, og var þá afnumið það ákvæði, að Reykjavík skyldi vera sér í flokki, og var hún þá flutt í flokk með öðrum kaupstöðum og stærri kauptúnum. Þetta 10% ákvæði hefði átt að afnema þá, en það var ekki gert, og segir svo um það í athugasemdum við frumvarpið:

„Rétt þykir að láta 10% frádráttarákvæðið halda sér í lögnum, vegna þess að með því móti verður meira af fé jöfnunarsjóðs varið eftir reglu 72. gr. en annars yrði, og verður að telja, að það sé réttmætt.“

Með „reglu 72. gr.“ mun átt við skiptingu samkv. VIII. kafla framfærslulaganna, því að um það gat verið að ræða að skipta því, sem afgang kynni að verða af fé þessu, eftir annarri reglu. En nú hefur aldrei orðið neinn teljandi afgangur og féð sjaldnast hrokkið til fullrar jöfnunar, og hefur þá ríkissjóður orðið að greiða til viðbótar.

4. Síðan þetta var ákveðið hefur grundvöllurinn undir framfærslunni breytt stórlega. Með tilkomu trygginganna og breytingunni á lögum um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna hefur ríkissjóður tekið á sig mikil útgjöld, er áður hvíldu að mestu á sveitarsjóðunum eða hefðu fallið á þá, og er því rangt, að ríkissjóður borgi meira en það, sem fram yfir er meðaltalsbyrði hjá sveitarfélögum, en það gerir hann meðan reglan er í lögum. Regla þessi hefur verið ranglát síðan Reykjavík var tekin í flokk annarra kaupstaða og kauptúna.

Þegar framfærslulögin enn voru endurskoðuð 1946—47, var þetta ákvæði því miður látið standa áfram í lögnum, þótt þá væri augljóst orðið, að það er ranglátt.

Rétt þykir því nú að afnema þetta ákvæði og að fátækrajöfnunin sé hér eftir miðuð við meðaltalsframfærsluna eins og hún er, án nokkurs frádráttar, og að hvert sveitarfélag fái endurgreidda $\frac{2}{3}$ hluta þeirrar framfærslubyrði, sem það hefur umfram meðaltalsframfærslu í sínum jöfnunarflokki.